

Ed.

654. Breytingartillögur

[59. mál]

við frv. til l. um launajöfnuð kvenna og karla.

Frá Birni Jónssyni.

1. Við 1. gr. Í stað orðanna „1962—1967“ komi: 1961—1966.
2. Við 2. gr. Greinin orðist svo:

Hinn 1. júní 1961 skulu laun kvenna í starfsgreinum samkvæmt 1. gr. hækka um $\frac{1}{10}$ hluta launamismunarins og síðan árlega hinn 1. janúar ár hvert fram til 1966 hækka sem nemur launamismuninum, eins og hann er í upphafi hvers árs, deildum með fjölda þeirra hækkana, sem eftir verða hverju sinni. Fullum launajöfnuði skal náð 1. janúar 1966.